

Fundur 28.1.2019 Olof Palme sem dó 28/2 1986.

Komið þið sælir.

Komdu sæll eða sæl. Og velkominn.

Heilsa ég ykkur og ekki veit ég hvort þið heyrið í mér, tók ég það ráð að byggja leiðsögn og hjálp hinna svífandi heiðingja, þar sem ekki er auðfengin aðstoðin eða hjálpin í okkar ríki og hefur okkur þótt stórkostlegt að njóta liðsemdar þeirra og hjálpar, þótt að fæstir þeirra sem hér dvelja á þessu landssvæði vilji taka þeirra trú.

Erum við ekki viss um að þið heyrið til okkar, en þeir lögðu hart að okkur að koma því til skila sem fyrir hefur borið í framlífi og undraverk þau sem telja má að séu að hafa hér vaknað í jarðneskum líkama og lifa hér jarðnesku lífi.

Já við heyrum ágætlega.

Það gleður mig að heyra, en eruð þið í drottins ríki eða eternum að tala við mig ?

Við erum á gömlu jörðinni, sem þú ert væntanlega frá, við erum stödd þar, við erum stödd upp á Álfhólsvegi.

Eruð þið norrænir menn ?

Já við erum Íslendingar.

Hvernig má það vera að þið talið ekki um anda ?

Vegna þess að við vitum betur.

Mér var þá sagt satt, þeir sem eru að hjálpa okkur sögðu að þetta sé kenning af gömlu jörðinni og mikilvægt að við lýsum okkar lífi.

Hefur þá land mitt ekki frétt af þessari kenningu ? Þau vita ekki enn þá að við erum á jarðneskum hnetti ?

Hvaða land er það sem þú komst frá ?

Kem frá Svíþjóð.

Já þeir vita lítið um þetta enn þá.

Við njótum stórkostlegra aðstoðar lýsandi vera.

Mín ævi hér hefur verið erfið, þar sem sífellt fleiri vigamenn hafa hrakið okkur lengra og lengra í myrkraheimana og höfum við leitað skjóls í trúnni, kristnu trúnni, og hingað komið sífellt fleiri, en ekki hefði ég getað haft samband nema fyrir Goðmagnaðar verur sem eru að reyna að hjálpa okkur sem hér eru.

Þeir koma svífandi og kenna okkur að samstillast og flytja erindi og biðja okkur hjálpar.

Getur þú sagt okkur meira ?

Já, hingað koma sífellt fleiri landsmenn mínir, og landslagið því ógnvænlegra sem lengra er komið í þessa átt og óttast ég um afdrif sífellt fleiri og hygg ég að eitthvað hafi gert í jarðlífi sem veldur þessu framlífi.

Hér er trúin sífellt að eflast, en fyrst var það þegar við komum á þennan hnött, að vorum við lengi að gróa sára okkar, en hér hafa þau undur og stórmerki gerst að eftir því sem vígahugurinn og hatrið til þeirra sem á okkur ráðast er meiri, hafa nokkrir af þeim sem drepnir hafa verið lifnað við að nýju.

Og segja kirkjunnar prestarnir í söfnuði okkar að hér höfum við lent í Helvíti þar sem ekki er hægt að deyja, og finnst mér það nokkuð ljóst að ef þannig er háttað, sé nauðsynlegt að snúa til baka, en eru fjölmargir í okkar hópi mér ekki sammála um það og höfum við hér komist í kynni við innfædda sem hafa mikla þjálfun og reynslu í því að lifa af í þessu landslagi.

Og menn því ekki á eitt sáttir hvert skuli stefna, en hef ég haldið fast í fyrirgefninguna og kærleikann og hygg ég að það sé hin rétta leið, þurfti að beita mig löngum fortölum áður en ég féllst á að pyggja hjálp hinna aðkomnu gesta.

En sögðu þeir mér enn fremur að með því að hafa samband í gegnum andaheiminn myndum við fræðast enn fremur um það, sem þeir sögðu okkur að sé sannleikur en ekki uppspuni og klækjabrögð óvinarins, djöfulsins ha ha ha.

Ég er svo lítið vantrúaður að þetta sé gamla jörðin sem þið tilheyrðið.

En það er nú samt svoleiðis. Við erum hérna af holdi og blóði eins og þið. Eiríkur bíddu.

Hvernig er það með, hélt, er það rétt sem þeir segja okkur að heimilistölvur séu orðnar algengar í ykkar samtíma ?

Já, já, við gerum það.

Og stjórna jafnaðarmenn enn þá okkar gamla landi ?

Nei, ekki ert þú Palme ?

Jú.

Mig grunaði það, við vorum búnir að fréttu af þér að þú hefðir lent á svo lítið erfiðum stað.

Ja það er ekki ofsögum sagt, mjög erfiðum stað, hér er myrkur mikið og fer vaxandi.

Já og trúin er nú ekki að hjálpa til skal ég segja þér.

Er þetta jörð ekki með möndulsnúningi ?

Já það er sama birta, það er ekki snúningur hér að því mér skilst.

Er þetta kvöldbirta eða morgunbirta sem þið hafið ?

Það er afskaplega lítil birta en hefur, var svo lítil kvöldbirta þar sem ég kom fyrst, hingað hafa streymt inn margskonar vígamenn og hrakið okkur lengra.

Hverslags vígamenn ?

Það er af ýmsum þjóðernum, múslimskir, svartir og af ýmsum uppruna sem ekki er af fullu jarðneskur sumir hverjir.

Getur þú sagt okkur nokkuð um þegar þú kvaddir héðan.

Já fékki að vita hver það var, en var drepinn.

Já hefur þú ekkert frétt af því enn þá, hver það var, hver skaut þig ?

Nei það var, það kom skyndilega og en ég lenti í, það var, það urðu skipti, fyrst lenti ég í umsjá kærleiksríkra vera, en um það leiti sem ég var togaður niður af, það fyrsta sem ég upplifði var kærleiksríkar verur, ættingjar mínir, var svo dregin að lind, vatnasvæði, þar urðu orkuskipti í líkama mínum og kom ég fram samstundis á öðrum stað, en vaknaði ekki til meðvitundar fyrr en nokkru síðar, eftir að hafa verið tekinn í sjúkraskýli á öðrum hnetti.

Þar sem mörg sjúkrarúm þar sem landsmenn aðrir Svíar hjúkrðu mér, var ég þar langa stund í sjúkraskýli, fann fyrir nýjum líkama, var þar, margir góðhjartaðir einstaklingar, góðhjartaðar konur sem af vanefnum hjúkrðu okkur til lífs, var ég þó fyrst ánægður að komast að því að ég lifði áfram þótt að ég hefði dáið.

En var ég lengi að jafna mig og þurfti að fara í sálfræðimeðferð, þar sem mér skilst að sé sameiginlegt öllum þeim sem drepnir eru og sem deyja með vofveilegum hætti, að hluti af þeim er jarðbundinn og vill ekki losna úr jarðlífinu.

Og get ég sagt ykkur furðulegar sögur af því hvernig ég fann fyrir líkama mínum rotna á jörðinni.

Já gerðir þú það ?

Og varð ég að ganga í gegnum dáleiðslu meðferðir og geðhreinsunar meðferðir til að losna við gamla líkamann og takast á við þetta nýja líf af fullri alvöru, og tók ég þátt í námskeiðum ásamt öðrum aðkomnum um það hvers eðlis þetta nýkomna nýja líf væri.

Og fékk ég strax áhuga á því að kynna mér staðhætti og aðstoða aðra eftir fremsta megni. Náði ég nokkuð fljótt líkamlegum styrk og eyddi ég mörgum árum í það að fylgjast með öðrum koma og segja mína sögu og hlusta á þeirra frásagnir um þeirra líf.

Fluttist ég svo lengra inn á landið og byrjuðu þar vandræði okkar. Lentum við í nágranna erjum út af vatni, brunni. Vorum stödd á landssvæði þar sem nokkrir veiktust og hófust ásakanir um að nágrannarnir hafi stolið úr brunninum og sett mengað vatn í staðinn.

Fluttumst við svo úr stað og voru ekki allar jurtirnar ætar og sífelldu var gróðurinn sviðnari og ógnvæglegri á að líta og urðu þar á vegi okkar ræningjar og voru þar tveir trúarhópar frá jörðinni sem við þekktum vel í linnulausum bardögum, múslimar og kristnir menn.

Og tókum við stöðu með kristnum og höfum vissulega fengið lækningu í gegnum þá trú, þegar á hefur bjátað, nema höfum við verið á flóttu, sífelldum flóttu í þessu landi og barist, það er barist um þau landsvæði sem gefa af sér, þar sem dýr eru helst á beit og gefa af sér lífvænlegan gróður.

Og margir sem hafa hrakist til neðri byggða hnattarins og við þar á meðal. Höfum við nokkur undan farin ár þurft að forðast sérstaklega landsvæði þar sem mikil skógartré hafa vaxið, og sem menn hafa mátt gæta sín á því að teygja sig ekki í ávexti þeirra, þar sem þeir gætu fest sig í þeim skelfilegu trjám og komust ekki í burtu.

Já þetta er skuggalegur staður sem þú ert kominn í .

Já.

Er þetta svona slím eða svoléiðis ?

Já ég lenti í því nokkrum sinnum að festast í þessum trjám, en var togaður í burtu í bæði skiptin og nokkrum sinnum hef ég verið nærri því að vera hrifsaður af þessum trjám.

Þau eru mjög furðuleg útlits og gefa frá sér ryk og rugla þau menn, þar sem oft vaxa þau í námunda við annars konar tré sem menn sjá á ávexti, og reyna að ná í þá ávexti í hungri sínu.

En fengum við að vísu viðvaranir og hef ég því forðast þessar jurtir. Já ég fagna því mjög að við þáðum boð þeirra sem hér komu svífandi og hafa gefið okkur fæðu og annað, sárabindi og hlúð að sárum okkar.

Hvernig er ástandið á gömlu jörðinni ?

Hefur þú ekkert fylgst með þínu landi eftir að þú fórst ?

Nei höfum ekki haft mikil tækifæri á því.

Það er nú ekki gott að fréttu af Svíum, múslimarnir eru að yfirtaka Svíþjóð, það hefur verið hleypt inn alveg fleiri hundruð þúsund manns.

Þeir segja mér það hér, hinir lýsandi englar að þess vegna sé ég á þessum stað, þar sem ég eigi sök á þessu.

Þannig að þú ert búinn að átta þig á því ?

Ég neita að trúa því að vísu.

Ha ha ha já, en fylgjum, mig langar þá að spyrja, en við hérna í þessum hópi teljum að lendi maður á svona slæmum stað þá hefur maður gert eitthvað af sér, er eitthvað annað sem þú hefur þá á samviskunni ef þú telur að þetta sé ekki ástæðan ?

Ég tel að ég hefði átt að lifa trúaðra lífi, ég hefði kannski átt að fara oftari í kirkju.

Já það er misskilningur, Jahve er alls staðar, maður þarf ekki að fara í kirkju til að leita að honum.

Ég þarf nú lengri tíma til að velta þessu fyrir mér sem þið segið.

En okkur hefur verið kennt, að maður kemst ekki úr slæmum stað fyrr en maður áttar sig á því afhverju maður lenti þar, þá hjálpa þeir manni í burtu, þessir hjálpendur sem þú hefur orðið var við.

Við sem tölum við ykkur hér sammæltumst um það hér að eiga ekkert saman við þennan hóp að sælda, eftir að hafa þegið frá honum mat og, við þáðum þeirra hjálp í algerri neyð en þeir eru alþekktir fyrir að vera heiðnir sem svífa hér um og

Hvað þýðir það að vera heiðinn ?

lðka fjölkyngi og hafa nornir í sinni þjónustu og sitja í miðilsfundum.

Já þetta er nú bara áróður, allir eru bara að ljúga að ykkur.

Það er talað um djöfulsins skínandi ljós og okkur bent að láta ekki glepjast, en við vorum aðfram komin af hungri og sáum þess kost einn vænstan að byggja þá hjálp og forvitni mín var einnig ríkjandi, en verð ég nú að kveðja ykkur en hef margt að segja félögum mínum, kannski munum við reyna að ná sambandi síðar og hvort við höfum skipt um skoðun veit ég ekki.

Þú ert alltför velkominn, mig langar til að spurja þig einnar spurnignar (já) ég hef mikla forvitni að vita eitthvað um þessi tré, er þetta af sveppaætt eða af lyfjagrasa ætt eða þessi tré, sem eru svona hættur ?

Ja þau eru, ég já þau gefa frá sér (kvoðu) kvoðu og (og festast við) og rykský.

Þá er þetta náskyllt sveppunum.

Já það er alveg sennilegt. Ég ætla að íhuga það sem þið hafið sagt og

Palme má ég segja við þig eitt áður en þú ferð (já). Á síðasta fundi okkar hérna, þá kom i sambandið sænskur maður sem heitir Járnbrandur (já), hann var uppi reyndar fyrir víkingatímann eða snemma á honum og hann var að flytja inn á jörð sem er svipuð eins og þín til þess að hjálpa fólki þar, prufaðu að hugsa til Járnbrands, og vittu hvort hann vitjar þín ekki.

Já hann er nú ábyggilega heiðinnar trúar.

Já það er nú ekkert verra, Æsirnir eru okkar Guðir okkar norrænnu manna.

Ja við erum nú ekki sammála því hérna, en ég hef nú kannski samband síðar.

Verið þið sæiir.

Pakka þér fyrir að koma, vertu sæll og gangi þér vel.

Vertu sæll.